

Um hljóðfæra og söngnám í Tónlistarskólanum í Grindavík

Tónlistarskólinn í Grindavík sinnir faglegu, fjölbreyttu og metnaðarfullu tónlistaruppeldi eftir metnaðarfullri skólanámskrá. Tónlistarskólinn er í góðu samstarfi við foreldra og er virkur þátttakandi í nærsamfélaginu t.a.m. með samstarfi við grunn og leikskóla, öldrunarheimilið Viðihlíð, Grindavíkurbæ og Grindavíkurkirkju. Viðtal var tekið við skólastjórnann Ingu Þórðardóttur.

Hvernig nám er í boði við tónlistarskólann?

Boðið er upp á fjölbreyttar námsleiðir, hljóðfæri og kennsluhætti og svigrúm er veitt til tilrauna og nýjunga. Notkun upplýsingatækni er virkur þáttur í námi og starfi tónlistarskólans. Tónlistarskólinn býður upp á bæði klassískt og rytmískt tónlistarnám samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Einnig er boðið upp á tveggja ára diplómanám í hljómaleik.

Hvernig nám er tveggja ára nám?

Tveggja ára nám í hljóðfæraleik er nám með áherslu á undirleik og söng ætlað eldri nemendum og fullorðnum. Kennst er á flest algengustu hljóðfæri auk söngs samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík. Mikið hefur verið lagt upp úr samspili nemenda bæði á sama hljóðfæri og á milli hljóðfæra. Í fyrravetur var stofnuð rokk- & popphljómsveit tónlistarskólans sem samanstendur af nemendum á slagverki, gítar, píanó, söng og fleiri hljóðfærum eftir því sem við á hverju sinni.

Hvaða hljóðfæri eru í boði?

Kennt er á slagverk, þverlautu, trompet, althorn, altflautu, fiðlu, gítar, bassa, hljómborð og píanó. Þá er einnig boðið upp á söngnám. Tónfræðigreinar kenndar samhliða hljóðfæranámi.

Hvernig er námið byggð upp?

Námið í klassísku og rytmísku námi skiptist í þrjú áfanga sem eru grunnnám, miðnám og framhaldsnám og síðan er í boði þetta tveggja ára nám sem er kennt eftir námskrá tónlistarskólans.

Hvað er markmið skólans?

Meginmarkmið Tónlistarskólans eru að nemendur öðlist áhuga á lifandi tónlist og tónlistariðkun, nemendur læri að njóta tónlistar, skapa sína eigin tónlist og síðast en ekki síst læra að flytja og túlka tónlist.

Hvernig er hægt að fylgjast með starfið í tónlistarskólanum?

Stofnuð var facebook síða þar sem allar fréttir, tilkynningar og myndir frá uppákomum eru settar inn. Ég hvet fólk til að líka við síðuna okkar og fylgjast með. Síðan heitir „Tónlistarskólinn í Grindavík“. Einnig stendur skólinn að útgáfu rafræns fréttablaðs þar sem farið er yfir það helsta sem er um að vera í skólanum ásamt ýmsum fróðleiksmolum. Blaðið er gefið út annan hvern mánuð og er að finna á heimasíðu skólans www.grindavik.is/tonlistarskoli